

Hvalfjarðarsveit, 25. febrúar 2020

Olíuverslun Íslands
Stefán Karl Segatta
Skútuvogi 5
104 Reykjavík
Netf: akranes@olis.is

Með umsókn dags. 14. janúar 2020 sótti Olíuverslun Íslands um endurnýjun á starfsleyfi fyrir starfsemi félagsins við Suðurgötu 10 á Akranesi.

Þar hefur verið rekin um árabíl bensínafgreiðsla auk söluskála með starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Vesturlands (HeV) og var síðast gefið út starfsleyfi í apríl 2008 sem gildi til 12 ára.

Með umsókn nú kom fram að ekki væru fyrirhuguðar breytingar á rekstri frá gildandi starfsleyfi.

Með breyttu lagaumhverfi þarf nú að auglýsa öll starfsleyfi sem byggja á grunni laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og finna má í viðaukum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tillaga að starfsleyfi var sett inn á heimaíðu HeV hinn 21. janúar s.l. og var gefinn 4 vikna frestur til að koma með athugasemdir við hana. Jafnframt var tillagan send sérstaklega til umsækjanda og Akraneskaupstaðar.

Engar athugasemdir bárust og er því starfsleyfið óbreytt frá auglýstri tillögu.

Starfsleyfið er gefið út og styðst m.a. við ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 og reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Virðingarfyllt,

f.h. Heilbrigðisnefndar Vesturlands



Starfsleyfi

fyrir bensínstöð og söluskála

Nafn fyrirtækis: Olíuverslun Íslands

Heimilisfang: Suðurgötu 10

Kennitala: 500269-3249

Póstnúmer: 300 Akranes

Sími: 4311163/8401706

Netfang: akranes@olis.is

Nafn forsvarsmanns: Stefán Karl Segatta

Útgáfudagur leyfis: 25. febrúar 2020

Gildir til: 25. febrúar 2032

1. Almenn atriði

Fyrirtækið skal hlíta ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Vegna söluskála gilda ákvæði matvælalaga nr. 93/1995 og reglugerðum settum skv. þeim.

Einnig gilda ákvæði annarra laga og reglugerða sem um starfsemina á hverjum tíma svo og skilyrði á meðfylgjandi fylgiskjölum með leyfi þessu.

Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á lóð eða í rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Eigandaskipti skal tilkynna til leyfisveitanda með minnst 14 daga fyrirvara þannig að hægt sé að meta hvort gefa þurfi út nýtt leyfi eða yfirfæra yfir á nýjan rekstraraðila. Starfsleyfið skal endurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti.

Um starfsumhverfi og öryggi starfsmanna fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með síðari breytingum.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og matvælalaga nr. 93/1995.

2. Gjaldskylda

Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

Gjaldið má innheimta með fjárnámi. Gjaldið er tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

Tilkynna skal leyfisveitanda ef starfsemin verður lögð niður.

Hvalfjarðarsveit, 25. febrúar 2020

f.h. Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fylgiskjal I

með starfsleyfi afgreiðslustöðvar eldsneytis

Heilbrigðisnefnd Vesturlands veitir Oluverslun Íslands, kt. 500269-3249, endurnýjað starfsleyfi til að reka sjálfsafgreiðslustöð eldsneytis við Suðurgötu 10 á Akranesi. Forsvarsmaður starfseminnar er Stefán Karl Segatta.

Starfsleyfisskilyrði

1. HÚSNÆÐI OG FASTUR BÚNAÐUR

- 1.1 Halda skal lóð, húsnæði og mannvirkjum stöðvarinnar snyrtilegum og tryggja að þar séu engir hlutir sem ekki tilheyra starfseminni. Sorphirslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur heilbrigðiseftirlitsins.
- 1.2 Viðhald og eftirlit með vélum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg losun.
- 1.3 Allur búnaður skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- 1.4 Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar vegna staðsetningar ofanjarðargeyma.
- 1.5 Allir birgðatankar skulu vera með yfirfyllingarvörn.
- 1.6 Öllu viðhaldi og endurbótum á stöðinni skal þannig háttað að hvorki umhverfis- né mengunarvarnir skerðist frá því sem nú er samþykkt.
- 1.7 Óheimilt er að breyta byggingum, frágangi eða gerð búnaðar nema með samþykki heilbrigðisnefndar Vesturlands.

2. KRÖFUR TIL FYRIRTÆKISINS VEGNA UMHVERFIS OG NÁGRANNA

- 2.1 Fyrirtækið skal ávallt nota bestu fánlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir.
- 2.2 Á stöðinni skal vera tiltæk viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 og laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.
- 2.3 Við afgreiðsluplan og áfyllingarplan skal vera olúskilja. Stærð hennar skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.
- 2.4 Á stöðinni skal vera tiltækur búnaður til að hreinsa upp minni háttar leka og skvettur.
- 2.5 Við sjálfসা skal koma fyrir á áberandi stað á afgreiðsluplaninu merkingu sem tilgreinir nöfn og símanúmer aðila sem annast stöðina utan afgreiðslutíma eða tryggja á annan hátt að unnt sé að nálgast þá aðila. Einnig skal á áberandi stað koma fyrir leiðbeiningum til viðskiptamanna varðandi notkun búnaðar.
- 2.6 Fyrirtækið skal draga úr myndun úrgangs og spilliefna t.d. með góðri nýtingu á hráefnum, endurnýtingu og notkun skaðlausra efna.
- 2.7 Verði nálæg starfsemi eða íbúar í nágrenni stöðvarinnar, að mati Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, fyrir óþægindum svo sem vegna loftmengunar ber að gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta, t.d. að koma upp búnaði sem tekur við menguðu lofti frá birgðageymum við áfyllingu.
- 2.8 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er. Umhverfishávaði skal vera innan þeirra marka sem gert er ráð fyrir í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 2.9 Afgreiðslu- og áfyllingarplan skal þrifið reglulega.
- 2.10 Verði óhapp eða slys við meðhöndlun hættulegra efna eða spilliefna, þannig að hættu sé á umhverfis-skaða eða heilsutjóni almennings, ber tafarlaust að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stöðva lekann. Tilkynna skal atvikið til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands eins fljótt og auðið er.

3. MEÐHÖNDLUN HÆTTULEGRA EFNA OG SPILLIEFNA

- 3.1 Um meðferð og flokkun spilliefna fer samkvæmt reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.
- 3.2 Safna skal öllum spilliefnum sem falla til við starfsemi stöðvarinnar. Óheimilt er að blanda saman mismunandi flokkum spilliefna og blanda þeim saman við annan úrgang.
- 3.3 Samskeyti áfyllingarslöngu olíuflutningsbifreiðar og áfyllingarstúts skulu vera þétt og áfylling skal vera með sjálfrennslisli þar sem því verður við komið. Olíubílstjóri er ábyrgur fyrir því að rétt sé staðið að áfyllingu tanka og skal ávallt vera viðstaddur á meðan áfylling fer fram. Þar sem ekki er sjálfrennslis- og áfyllingaröryggisbúnaður til staðar skal bílstjóri mæla birgðastöðu í geymum fyrir áfyllingu.
- 3.4 Þess skal gætt að allt viðhald fari fram með þeim hætti að ekki hljóti mengun af. Olíumenguðum jarðvegi ber að farga á þann hátt sem heilbrigðiseftirlitið mælir fyrir um.
- 3.5 Við þrif á afgreiðsludælum og plönnum skal eingöngu nota olíuhreinsiefni sem eru viðurkennd fyrir olíugildrum. Vatnsnotkun við þrif skal taka mið af stærð olíugildru.

4. EIGIÐ EFTIRLIT

- 4.1 Í fyrirtækinu skal vera tiltæk rekstrarhandbók fyrir bensinstöðina og skal hún tiltæk eftirlitsaðila.
- 4.2 Að minnsta kosti árlega skal draga saman niðurstöður rekstrarhandbókar. Í þeirri samantekt skal m.a. koma fram:
 - Hlutfallsleg rýrnun einstakra eldsneytistegunda í stöðinni og mat á orsökum hennar.
 - Óhöpp á árinu og reynsluna af viðbragðsáætlun.
 - Fjöldi tæminga og áætlað magn olíusora sem dælt hefur verið úr olíuskiljum og olíusorageymum.
- 4.3 Hafa skal reglulegt eftirlit, a.m.k. mánaðarlega, með olíuskiljubúnaði og oftast ef þurfa þykir þannig að tryggj sé að hann virki eins og til er ætlast.
- 4.4 Að minnsta kosti mánaðarlega skal kanna hvort leki hafi átt sér stað með því að skoða eftirlitsbrunna lekavarna og mæla birgðastöðu í tönkum.

5. STARFSEMI BREYTT EÐA HÆTT

- 5.1 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Vesturlands ef stöðin er lögð niður, eigandaskipti verða eða skipt er um forstöðumann og/eða umsjónarmann.
- 5.2 Verði starfsemi stöðvarinnar hætt, ber að tæma alla birgðatanka og fjarlægja. Einnig skal fjarlægja allan olíumengaðan jarðveg og farga á þann hátt sem heilbrigðiseftirlitið mælir fyrir um. Öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skal skila til viðurkenndrar móttökustöðvar fyrir spilliefni.

6. ÝMIS ÁKVÆÐI

- 6.1 Um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi starfsfólks fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með síðari breytingum.
- 6.2 Fyrirtækið skuldbindur sig til þess að virða það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.
- 6.3 Eintök af starfsreglum skulu ávallt tiltæk á stöðinni í rekstrarhandbók.
- 6.4 Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að stöðin starfi í samræmi við skilyrði þessi.
- 6.5 Framsal starfsleyfis er óheimilt.

7. GJALDSKRÁ

- 7.1 Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Gjaldið skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit, þar með talið starfsleyfisvinnslu. Ef grípa þarf til sérstakra rannsókna vegna starfseminnar er fyrirtækinu einnig skylt að greiða fyrir þær

8. GILDISTAKA OG AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM

- 8.1 Starfsleyfi þetta er veitt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sbr. og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- 8.2 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993, upplýsingalögum nr. 140/2012 og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Hvalfjarðarsveit, 25. febrúar 2020

f.h. Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fylgiskjal II

með starfsleyfi minni matvöruverslunar

Heilbrigðisnefnd Vesturlands veitir Olís við Suðurgötu 10 á Akranesi, kt. 500269-3249, endurnýjað starfsleyfi fyrir söluskála fyrirtækisins með neðangr. skilyrðum.

1. Almenn ákvæði:

- a) Starfsleyfið gildir fyrir takmarkaða sölu innpakkaðar matvöru, sælgæti og óáfengar drykkjarvörur. Þá gildir starfsleyfið fyrir helstu nauðsynjavörur.
- b) Starfsemin skal þannig rekin að ekki stafi hættu á mengun matvæla, sérstaklega af völdum dýra, örvera eða annarra skaðvalda.
- c) Aðeins má selja vörur sem uppfylla ákvæði matvælalaga hvað varðar gæði og merkingar.
- d) Rekstraraðili skal sjá um að fullnægjandi aðstaða sé á staðnum til að tryggja öryggi matvæla og hreinlæti starfsfólks.
- e) Fletir sem koma í snertingu við matvæli skulu gerðir úr efni sem auðvelt er að þrifa.
- f) Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit sem tekur mið af áhættumati. Þar skal m.a. koma fram áætlun vegna umgengni og þjálfunar starfsfólks, hreinlætisáætlun, hitastigseftirlit og frávik.
- g) Góð aðstaða skal vera til að geyma matvæli á tryggilegan hátt og við rétt hitastig.
- h) Þess skal gætt að ekki skapist hættu á hávaðamengun eða ónæði frá starfseminni.
- i) Rekstraraðili skal sjá til þess að athafnarsvæði sé þrifið reglulega í samræmi við skriflegt innra eftirlit.
- j) Ræstiahöld og efnavara skal geymd fjarri matvöru og í vel loftræstu rými.
- k) Nægilegt heitt og kalt vatn skal vera til staðar. Vatn skal uppfylla gæðaviðmið neysluvatnsreglugerðar nr. 536/2001.
- l) Rekstraraðili skal sjá til þess að áhöld og búnaður sé þrífinn og eftir atvikum sótthreinsaður.
- m) Úrgangi skal fargað á viðeigandi hátt þannig að tryggt verði að matvara mengist ekki. Þetta gildir m.a. um hvers konar fitu, olíuefni og spilliefni.
- n) Starfsfólk skal hafa aðgang að búningsaðstöðu og sér snyrtingu.
- o) Eintök af starfsskilyrðum þessum skulu ávallt tiltæk á staðnum.
- p) Tryggja skal viðskiptavinum góða aðstöðu í sal og á snyrtingum.
- q) Forsvarsmaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við starfsskilyrði heilbrigðisnefndar.
- r) Fyrirhugaðar minni háttar breytingar á rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Verði um meiri háttar breytingu á rekstri að ræða, skal sótt um nýtt starfsleyfi.
- s) Um aðbúnað, hollustu og öryggi starfsfólks fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 þar um og reglum settum samkvæmt þeim.
- t) Rekstraraðili skal tilkynna leyfisveitanda ef starfsemin verður lögð niður í lengri eða skemmri tíma.

Hvalfjarðarsveit, 25. febrúar 2020

f.h. Heilbrigðisnefndar Vesturlands